



## REGLUGERÐ UM LEIKKORT

### 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til útgáfu og notkunar á leikkortum sem Golfsambands Íslands gefur út á hverju ári.

### 2. gr.

Leikkort eru ætluð sjálfboðaliðum í golfhreyfingunni og öðrum velunnurum hreyfingarinnar. Leikkortin skulu vera tvenns konar.

a. leikkort til golfklúbbanna

b. leikkort til fjölmiðlafólks, samstarfsaðila og annarra sem starfa í þágu GSÍ

Golfklúbbbar sem eru með fulla aðild að Golfsambandi Íslands og hafa greitt fyrri hluta árgjalds til golfsambandsins skv. 13. gr. laga GSÍ fá úthlutað 14 leikkortum. Þó skulu golfklúbbbar, sem hafa fleiri en einn 18 holu keppnisvöll, fá úthlutað allt að 24 leikkortum. Með keppnisvelli er átt við golfvöll, 9 eða 18 holar sem metinn hefur verið til forgjafar. Séu tveir eða fleiri golfklúbbbar með sama heimavöll skulu golfklúbbarnir skipta með sér kortunum. Golfklúbbarnir skulu sjálfir ráðstafa leikkortunum til félagsmanna sinna og skulu þeir senda lista til GSÍ með nöfnum korthafa.

Stjórn Golfsamband Íslands hefur heimild til þess að úthluta leikkortum til eftirfarandi aðila.

- i. Fjölmiðlafólk (40 leikkort).
- ii. Fulltrúar fyrirtækja og samtaka sem eru í samstarfi við GSÍ (250 leikkort).
- iii. Stjórnarmenn og starfsmenn GSÍ.
- iv. Fulltrúar í fastanefndum GSÍ.
- v. Endurskoðendur og fyrrverandi forsetar GSÍ.
- vi. Starfandi alþjóðadómarar.
- vii. Stjórnarmenn og landslið LEK.
- viii. Fulltrúar ÍSÍ, GSFÍ, SIGI og PGA á Íslandi.
- ix. Landsliðsfólk GSÍ, landsliðsþjálfarar, liðstjórar, sjúkráþjálfarar og læknar.
- x. Aðilar sem að álitum stjórnar GSÍ vinna mjög vel fyrir golfiþróttina en eru ekki flokkaðir sérstaklega samkvæmt framangreindu.

### 2. gr.

Leikkort eru gefin út á nafn korthafa til eins árs í senn og ber korthafa að framvísa kortinu í hvert sinna sem hann notar kortið. Korthafar skulu framvísa persónuskilríkjum sé þess óskað.

GSÍ skal halda skrá yfir alla þá aðila sem fá leikkort og skal skráin ávallt vera uppfærð og aðgengileg á heimasíðu GSÍ.



Leikkort skulu vera einkennd með númeri til að auðvelda eftirlit með notkun þeirra. Mismunandi númeraröð skal vera milli eftirfarandi fimm tegunda leikkorta;

- Leikkort til golfklúbba.
- Leikkort til þeirra sem starfa í þágu GSÍ.
- Leikkort til LEK.
- Leikkort til fjölmiðla.
- Leikkort til samstarfsaðila GSÍ.

### 3. gr.

Leikkort heimilar korthafa og gesti hans að leika allt að tvisvar sinnum á ári, á hverjum golfvelli, gegn greiðslu að fjárhæð kr. 1.500 fyrir hvern leikinn hring.

### 4. gr.

Golfklúbbum er heimilt að takmarka notkun leikkorta þegar um hópskráningu teigtíma er að ræða og korthafi tilheyrir slíkum hópi. Hópur er skilgreindur fleiri en fjórir kylfingar.

Allar takmarkanir á notkun leikkorta skulu kynntar handhöfum kortanna t.d. með sérstakri tilkynningu á vefsíðu klúbbs eða annan þann hátt sem þykir nægjanlegur.

### 5. gr.

GSÍ skal senda golfklúbbum sérstaka færslubók og skulu þeir skrá í bókina alla notkun leikkorta. Í færslubókina skal skrá nöfn korthafa, númer kortanna, dagsetningu hvers leikins hringis og nafn gests, leiki hann með korthafa. Golfklúbbar skulu skila færslubókinni til skrifstofu GSÍ eigi síðar en 1. október ár hvert.

### 6. gr.

Misnotkun á leikkortum varðar missi þeirra og skal tilkynna um hana til skrifstofu GSÍ.

*Þannig samþykkt á stjórnarfundum GSÍ 14. apríl 2016, skv. fyrirmælum Golfþings 2015.*